

# Landbúnaðurinn kostar meira en Icesave

Sigurður Bragi Guðmundsson rekur  
nú iðnframleiðslufyrirtæki í Kína  
þar sem verið er að reyna að  
koma fótum undir íslenska  
viðskiptahugmynd. Ár tígursins  
er nýgengið í garð og í samtali  
við Sigurð Má Jónsson kemur  
fram að hann telur að  
Íslendingar verði að fara  
að skoða áherslur sínar í  
atvinnumálum upp á nýtt  
og þar er ESB-aðild og  
ný mynt lykilþáttur  
að hans mati.

---





hagsmunum þjóðarinnar og beita sér þess í stað fyrir örgustu hagsmunagæslu eins og sést t.d. á því hve Morgunblaðið/LÍÚ og bændasamtökin hamast gegn aðild. Mig rennir í grun að þó að þeir fengju staðfestingu á því að ganga í ESB væri til hagsbótar fyrir þjóðina í heild þá væru þeir samt á móti því enda mönnum borgað fyrir að tala máli þessara hagsmunagæsluhópa. Þeir sem eru meðmæltir Evrópusambandinu hafa hins vegar engan sérstakan persónulegan ávinnning af því að ganga í Evrópusambandið að ég fæ séð.“

#### Þekkti ekki „nýja hagkerfið“

Sannfæring Sigurðar Braga fyrir ESB-aðild er ekki ný af nálinni en eðlilegt er að spyrja hann af hverju það sé betra að vera hluti af stærri heild. Hann grípur boltann á lofti. „Þetta er nákvæmlega eins og þegar menn ákváðu, oftast gegn vilja íbúa, að sameina sveitarfélögin hér á landi; algengasta svarið er hagkvæmni. Þú getur boðið upp á meiri þjónustu af því að þú ert með hagkvæmari einingu. Mestu skiptir þó að við verðum að fá nothæfan gjaldmiðil. Að hafa stöðugan

Plastprent og ég lagði fram áætlun um ákveðna EBITDU. Þá sögðu þessir ágætu menn: Nei, þetta gengur ekki, EBITDA verður að vera tvöfalt meiri! Nú, hvað meinar þú með því? spurði ég. Jú, svöruðu þeir, þá tvöfaldast söluverðmæti fyrirtækisins! Þegar ég hváði kom þessi fræga setning sem fjármálastjórinn og ég höfum oft hlegið að síðan: „Það er ljóst að þið þekkið ekki þetta nýja hagkerfi!“ Þetta var ekki til að auka trú okkar á þessu „nýja hagkerfi“ sem þýddi einfaldlega það að maður átti að segja ósatt. Ég varð

taka við þessum félögum og bönkum. Þetta er einn af mörgum ókostum þessa litla þjóðfélags. Hitt er svo annað mál að ég skil ekki af hverju er verið að nota sama fólk í bönkum og fyrirtækjum sem kom okkur í þessi vandræði, svo fámenn erum við ekki að ekki sé hægt að finna gott fólk sem er saklaust af nánnum samskiptum við útrásarvíkingana. En líklega hefði hrúnið aldrei orðið eins og það var ef við hefðum verið í ESB vegna þess að við hefðum ekki verið með þennan litla gjaldmiðil og hefðum verið með miklu virkara

kvæmdastjóri Green Diamond International, sem framleiðir ýmsa íhluti fyrir skóíðnaðinn og er hann staðsettur í Kína. Sigurður Bragi er iðnaðar- og kerfisverkfræðingur að mennt og var áður m.a. forstjóri Plastprents og Sigurplasts.

Green Diamond framleiðir íhluti fyrir marga af frægustu skóframleiðendum heims eins og Clarks, ECCO, Timberland, Adidas ofl. „Þrátt fyrir að vel hafi verið staðið að uppbyggingu á verksmiðjunni hér úti hefur gengið mun hægar en ráðgert var að koma sölnunni af stað en við erum að vona að hlutirnir fari að gerast núna á næstu mánuðum. Þetta er mjög spennandi verkefni því framleiddar eru 12 milljarðar para af skóm á ári í heiminum og þar af um 8 milljarðar para innan við 100 km. raddius frá okkur hér í Zhongshan. Félagið er þó tiltölulega veikt fjárhagslega og er með litla innkomu ennþá og starfar í viðsjárverðu umhverfi. En það er með þetta eins og við segjum sem keppum í kappakstri: Daginn sem við gleymum því hvað kappakstur er hættulegur verður hann hættulegri. Það er eins með reksturinn hér í Kína, maður þarf alltaf að vera á varðbergi og muna eftir hættunum til að draga úr líkum að illa fari.“

#### Ástandið betra en svartsýnir segja

Hann sagði að það væri lærdómsríkt að stunda atvinnustarfsemi í Kína og stærðirnar eru gríðarlegar. Green Diamond er með innan við 50 manns í vinnu og er því ekki stórt í sniðum miðað við fyrirtæki þar. Í nágrenni við verksmiðju Green Diamond er til dæmis skóverksmiðja sem í vinna 40.000 manns! Blaðamaður hitti á Sigurð Braga í fríi hér á landi en hann greip tækifærið og skaut heim þegar Kínverjar héldu upp á áramót og það að ár tígursins er gengið í garð.

„Eitt af því sem ég hef grætt á að vera þarna úti er að nú getur maður meira lítið á ástandið hér heima með augum gestsins. Þegar ég kem hingad heim þá sviður mér hvað fólk talar um að allt sé ömurlegt hérna. Og þeir hafa einhvern veginn alla umræðuna sem verst tala um ástandið. Tökum dæmi af þeim sem kynna sig fyrir hönd hagsmunasamtaka heimilanna, það er eins og þeir tali fyrir hönd allra heimila í landinu. Það er alveg sama hve margar skýrslur eru gerðar, ástandið á íslenskum heimilum er margfalt betra en menn halda eins og kemur fram í tölum Seðlabankans. Yfir 80% heimila eru í litlum sem engum vandræðum. Þetta er allt hægt að fá staðfest,“ segir Sigurður Bragi og bendir á heimasíðu Seðlabankans þar sem finna má úttekt á skuldum heimilanna.

Sigurður Bragi segist því hafa miklar efasemdir um þá umræðu sem fer fram hér á landi um skuldastöðu heimilanna. Þannig þyki honum einsýnt að þau heimili sem skulda mest (og jafnvel eiga mest) fái mestu niðurfellinguna, eða réttara sagt, mest af skuldum þessara heimila verði færð yfir á önnur heimili. „Þannig mun fólk sem tók of há lán líklega fá mikið af lánunum sínum flutt yfir á aðra, þá sem fóru varlega og spöruðu. Í ofanálag virðist þessi ríkisstjórn vera á móti sparnaði, sem hefur þó aldrei verið mikilvægari fyrir þjóðarþúfið, með því að leggja á yfir 100% skatt á fjármagnstekjur í mörgum tilfellum þar sem skattur er tekinn af verðbótum.“ Hann segist ekki sjá mikla sanngirni í því. Honum hins vegar þau 5 til 10% af landsmönnum sem skulda mest munu halda áfram að stýra umræðunni. „Þetta er enn og aftur áminning um að það verður að vera gagnrýnin hugsun til staðar. Menn geta ekki tekið hrátt við þeirri fullyrðingu að heimilinn í landinu séu á hausnum. Það eru þau ekki. Að hafa verið í Kína, þar sem maður sér fólk sem á varla til hnifs og skeiðar og býr í húsnæði sem enginn hér myndi sætta sig við, þá sér maður hvað Íslendingar hafa það gott.“

Við verðum að gera okkur nákvæmlega grein fyrir því hvernig ástandið er í raun í landinu, t.d. hvað varðar landbúnað, sjávarútveg, menntun og stöðu heimilanna svo dæmi sé tekið, við verðum að horfa á málin af kjarki og heiðarleika. Aðeins þannig getum við tekið réttar ákvarðanir varðandi það hvert við ætlum að stefna í framtíðinni.“

“

Nú hefur fámennur hópur fjárglæframanna kostað okkur Íslendinga miklar upphæðir, sumir segja 10 manns, aðrir 20 og enn aðrir 30 eða fleiri.

gjaldmiðil er mjög mikilvægt fyrir alla og það ættu engir að vita betur en Íslendingar í dag. En þeir sem eru duglegastir við að sannfæra mig um að ganga í ESB eru þeir sem bera fram rök in gegn því að gerast aðilar vegna þess að þeirra rök halda ekki vatni. Það eru rökinn um að krónan sé svo góð að koma okkur út úr vandræðum sem hún kemur okkur í, sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn séu svo mikilvægir atvinnuvegir á meðan um 90% verðmætasköpunarinnar kemur annars staðar frá. Þetta eru rök sem mér finnast ekki boðleg í umræðunni. Auðvitað reynir maður að virða skoðanir annarra en svona sé ég þetta.“

Mínnugur margra samtala við Sigurð Braga á árunum fyrir hrun, þar sem hann lýsti yfir efasemdum sínum um þróun mála, er fróðlegt að spyrja hann um ástæður hrunsins. „Strax þegar ég tók við Plastprenti í annað sinn 1999 fór ég í bankann minn og hitti bankastjórnann enda stóð félagið illa. Þá varð maður var við mjög takmarkaða virðingu fyrir iðnaði. Ég man eftir því að þegar fjármálastjórinn minn og ég sögðum bankastjórnunum frá því að við værum frá Plastprenti þá upplifðum við það báðir að það var eins og við hefðum sagt honum að við værum með eyðni. Þetta var eins „ósexi“ og hugsast gat. Síðan fór maður að tengjast þessum útrásaranda og sjálfur tók maður þátt í því að hluta. Fljótlega varð maður var við að menn tóku úr sambandi mörg grundvallaratriði í reikningsgerð. Einnig hvarf að miklu leyti þetta svokallaða heidursmannasamkomulag. Þó að ég hafi ekki verið mjög lengi í forsvari fyrirtækja þá man ég þá tíð að heidursmannasamkomulag var margfalt öruggara en 10 blaðsíða samningur er í dag. Það kom til af fámenninu og öðru slíku, mönnum var annað um orðspor sitt.“

Síðar var brotið blað á skoðun minni á þessari bólu þegar ákveðnir aðilar vildu láta verðmeta



„Að halda að framtíðarstörf skapist í sjávarútvegi og landbúnaði er hættulegt og einungis til að draga úr framförum.“

VB MYND/HARI

því meira og meira vantrúa á þetta og seldi minn hluta í Plastprenti um áramótin 2006/2007 og slapp með sviðna hælana ef svo má að orði komast.“

#### Innbrotspjófurinn ber sökina

En Sigurður Bragi hefur ekki alveg lokið sér af með Evrópusambandið. „Nú hefur fámennur hópur fjárglæframanna kostað okkur Íslendinga miklar upphæðir, sumir segja 10 manns, aðrir 20 og enn aðrir 30 eða fleiri. Sumir segja að 10 hafi verið verstir og aðrir 10 hafi bara verið leppar. Hvaða tölu sem menn nota finnst mér ótrúlega fyrirferðarmikið í umræðunni það að eftirlitsstofnanirnar skyldu bregðast. Auðvitað gerðu þær það. En annað vegur þyngra. Ef ég kem heim til mín og sé að það er búíð að brjótast inn og stela innbúinu þá get ég auðvitað kennt lögreglunni um að hafa ekki passað húsið mitt betur, en mér finnst liggja beinast við að kenna þjófinum um innbrotið. Ég er miklu reiðari út í þjófinn þótt ég hefði viljað að löggan hefði staðið sig betur. En þetta tengist Evrópusambandinu þannig að nú sjáum við þótt ótrúlegt sé að það eru mikið til sömu mennirnir og öllu hruninu sem sitja að kjótkötunum og eru í störfum fyrir bankana sem þeir tóku þátt í að koma á hausinn. Ef við værum hluti af stærri heild þá værum við búin að fá aðra sem ekki væru tengdir til að

eftirlit. Við skráðum krónuna vitlaust í mörg ár eins og alltaf var verið að benda á og drögum þess vegna inn gríðarlegt erlent fjármagn sem reyndist bara vera olía á eldinn. Það er svo margt sem tengist hruninu og eftirmála þess því hve erfitt er að vera litill. Faðir minn sagði að visu oft við mig „maður verður að hugsa stórt í litlu landi“ en það er annað mál.“

#### Fór í frí og svo til Kína

Eftir að Sigurður Bragi seldi hlut sinn í Plastprenti ákvað hann að taka sér langt frí. Á námsárum sínum í Bandaríkjunum kynntist hann Dr. Carl Denbow sem var kvæntur íslenskri konu, Stefaníu Denbow. Þau eru bæði látin. Hann starfaði sem prófessor í stærðfræði en kom einnig að þróun kjarnorkukafbáta. Talið er að hann hafi látist vegna geislunar sem hann varð fyrir við þau verkefni. Sigurður Bragi segir að fyrir fáum mönnum beri hann meiri virðingu og elsti sonur hans heitir Birkir Karl í höfuðið á þessum lærimeistara. Denbow sagði honum að það skynsamlegasta sem hann hefði gert í lífinu hefði verið að taka sér frí frá vinnu í a.m.k. eitt ár til að kynna sjálfum sér. Hann hefði ákveðið að gera það sama og tók sér frí í eitt og hálf ár. „Eftir þetta frí mitt sé ég að Denbow hafði rétt fyrir sér í þessu sem öðru.“

Síðan hafi honum verið boðin vinna sem fram-